

Skriðuannáll 2000

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01026

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
SKRIÐUANNÁLL	4
SKRÁ YFIR STAÐANÖFN	19
Mynd 1. Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 2000	20

INNGANGUR

Skriðuannáll ársins 2000 lítur hér dagsins ljós, en með honum er lokið gagnasöfnun vegna skriðuannáls 20. aldar. Skriðuannálar árunna 1900-1999 hafa birst sem sjö skýrslur, þær fyrstu hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands og þær síðari hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, eftir að hún tók við starfsemi hér á Akureyri.

Eins og skriðuannáll ársins 2000 ber með sér, hefur efni í hann verið safnað um leið og atburðirnir áttu sér stað. Fylgst hefur verið með fréttum af veðri og skriðuföllum og er því mikið af upplýsingunum eingöngu fengið úr fréttatímum Ríkisútvarpsins og annarra ljósvakamiðla. Fylgst var með Morgunblaðinu, og nokkrum héraðsfréttablöðum og seinna var leitað kerfisbundið í DV og nokkrum öðrum fréttablöðum til viðbótar. Nú síðast hafa netmiðlar bæst við og eflaust eiga þeir eftir að verða meira áberandi í skriðuannálum framtíðarinnar. Að auki bárust upplýsingar um fjölda skriðufalla frá Snjóflóðadeild Veðurstofunnar. Öllum þeim upplýsingum sem notaðar voru við ritun þessa annáls er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri.

Ef geta á sérstaklega einhverra skriðufalla sem urðu á tímabilinu, má nefna grjóthrunið sem varð á Suður- og Vesturlandi, 17. og 21. júní, í tengslum við Suðurlandskjálftann. Þá urðu víða skriðuföll á vestan- og norðanverðu landinu í tengslum við úrhellisrigningu og asahláku dagana 27.-29. mars. Í það skiptið skall hurð nærri hælum þegar smáskriður eyðilögðu tvo sumarbústaði í Saurdal við Hreðavatn. Í þriðja bústaðnum, sem stóð í miðjunni, var búið, en skriðurnar hlífðu honum á einhvern undraverðan hátt. Þá lá einu sinni sem oftast við slysum á þjóðvegum landsins af völdum skriðufalla, þegar grjóthrun varð í Staðarskriðum í Fáskrúðsfirði 22. mars, úr Kaldbakshorni 6 maí og úr Óshlíð 27. ágúst.

Þá má geta þess að enn á ný nutum við velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri við söfnun upplýsinga. Kunnum við Amtsbókaverði, Hólmkatli Hreinssyni og öðrum starfsmönnum Amtsbókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson

SKRIÐUANNÁLL

14.-16. jan. EYJAFJÖRÐUR (Svalbarðsströnd)

Skriða.

Veður: Mikið hvassviðri með hlýindum gekk yfir landið dagana 14.-16. janúar. Á Austurlandi geisaði óveður og þar urðu víða fokskemmdir, sérstaklega á Borgarfirði eystra. Í Eyjafirði var hvöss sunnan og suðvestan átt og þar var asahláka og tók allan snjó á láglandi upp, en hann var töluverður.

Atburðarás: Einhvern tíma þessa daga (líklega 15.01.) féll skriða eða jarðfall úr gróinni brekku rétt innan við bæinn Halllandsnes á Svalbarðsströnd. Staðurinn er gegnt miðbæ Akureyrar og því var skriðan nokkuð áberandi þótt ekki væri hún stór, en hún hafði fallið úr gróinni brekku í klettum neðan við þjóðveginn um Svalbarðsströnd og borist yfir túnhjalla og kletta og alveg niður í sjó.

Heim: *Gögn Náttúrufræðistofnunar*

18.-19. jan. MÝRDALUR

Skriður.

Veður: Hlýindi og votviðri, leysingar.

Atburðarás: ...Aurskriður hafa fallið úr Höfðabrekkuhálsi í Mýrdal skammt fyrir austan bæinn Höfðabrekku. ...Jónas Erlendsson, bóndi í Fagradal segir að spjöll hafi orðið á beitilandi, en mannviki séu ekki í hættu. ...segir að skriðan sé 2-300 m breið uppi við bergið, en dreifi sér og sé breiðari neðar í brekkunni. Hún hafi fallið alveg niður á jafnsléttu um 2-300 m. Næsta mannviki er þjóðvegurinn, en álíka spölur segir hann að sé frá brekkurótum að veginum, eins og niður hálsinn. Í brekkurótum segir hann að skriðan sé nokkur hundruð metra breið. ...segir að land hafi verið að gróa upp á þessum stað, en nú hafi orðið til ljót sár. Hann segir að jörð hafi aldrei frosið neitt að ráði í haust, og svo hafi komið djúpur snjór. Skriðurnar hafi fallið þegar hann tók upp af þýðri jörðinni. ...segir að smærri spýjur hafi fallið í grennd við sinn bæ (Fagridalur), en staðurinn sem stóra spýjan féll sé austan við Kötluagarð. Hann segir að einhverjar skriður af þessu tagi falli á hverjum vetri, en nú sé það með mesta móti (Ríkisútvarpið 20.01.).

Heim: *Ríkisútvarpið 20.01. fréttir kl. 12:20. Mbl. 20.01.*

22. mars FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR (Staðarskriður) (bílslys)

Grjóthrun.

Veður: Sólbráð.

Atburðarás: Fólksbíll lenti út af og valt niður um 60-70 m í Staðarskriðum í norðanverðum Fáskrúðsfirði í gærkvöldi. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp ótrúlega vel. ...Grjót hafði hrunið úr hlíðinni ofan við veginn í sólbráð fyrir um daginn. Þegar ökumaður sveigði hjá því missti hann stjórn á bílnum á hálkubletti (Mbl. 23.03.). ...veginum í Staðarskriðum í Fáskrúðsfirði, skammt innan við Vattarnesskriður. ...Hálkublettir eru í skriðunum og nokkurt hrun á veginn (Ríkisútvarpið 23.03.).

Heim: *Ríkisútvarpið 23.03. fréttir kl. 12:20. Mbl. 23.03. 24.03.*

25. mars VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR

Grjóthrun.

Veður: Töluverð úrkoma á Austfjörðum, 44 mm sólarhrings úrkoma mæld á Kollaleiru í Reyðarfirði kl. 18 þ. 25.

Atburðarás: ...Vegagerðin varar vegfarendur við því að grjóthrun er í Kambanes- og Vattarnesskriðum. Búið er að hreinsa veginn tvisvar í morgun og enn hrynur (Ríkisútvarpið 25.03.).

Heim: Ríkisútvarpið 25.03. fréttir kl. 12:20.

27-29. mars HVALFJÖRÐUR (Akrafjall, Miðfells múli), BORGARFJÖRÐUR (Norðurárdalur, Hreðavatn), SNÆFELLSNES (Staðarsveit, Búlandshöfði), GILSFJÖRÐUR, ARNARFJÖRÐUR (Svalvogar), ÓSHLÍÐ, MIÐFJÖRÐUR, SVARTÁRDALUR, ÖXNADALUR, VAÐLAHEIÐI, ÞVOTTÁRSKRIÐUR

Snjóflóð, skriður og grjóthrun.

Veður: ...Eftir langvinnan hlýindakafli um miðjan janúarmánuð gerðist veðurfar rysjótt og óhagstætt. Töluvert snjóaði í febrúar og var snjór þrálátur á jörðu. Marsmánuður var umhleypingasamur og tíð fremur erfið. Snjór varð því töluverður á láglendi og mikill til fjalla. Er viðbúið að víða á láglendi hafi jörð verið ófrosin undir snjónum síðan í hlýindakafli í janúar. ...Sunnudaginn 26.03. tók að rigna mikið á vestanverðu landinu og jókst úrkoman eftir því sem leið á daginn. Enn meira rigndi á mánudeginum (27.03.) og aðfaranótt þriðjudagsins (28.03.) var úrhelli en um hádegi dró úr rigningunni og stytta upp. Rigningunni fylgdu hlýindi og urðu af miklar leysingar og vatnavextir. Er þess t.d. getið að á þriðjudeginum hafi verið óvenju hlýtt á öllu landinu miðað við árstíma og á Norður- og Austurlandi hafi víða verið 16 til 18 stiga hiti. ...Víða mældist úrkoma mjög mikil á vestanverðu landinu þessa dagana. ...Samkvæmt blaðafregnum mældi úrkomumælirinn á Brekku í Norðurárdal um 100 mm aðfaranótt þriðjudagsins, þar til hann fylltist og flæddi út úr honum. Þar hefur því fallið meiri úrkoma en taflan gefur til kynna. Í Kvígindisdal við Patreksfjörð hefur aldrei mælst meiri sólarhringsúrkoma (um 132 mm) en að morgni þ. 28., en þar hófust mælingar árið 1927. Sama morgun mældust um 145 og 137 mm á Böðvarsholti og Bláfeldi á sunnanverðu Snæfellsnesi. Vindátt þessa dagana mun að mestu hafa verið suðaustlæg. Mikil úrkoma varð því áveðurs við fjallgarða og fjalllendi þótt einnig rigndi mikið hlémegin. ...Ljóst er að úrfellið eitt sér nægir til að skýra þau flóð og skriðuföll sem urðu þessa dagana. Þá er ónefndur þáttur bráðnunar snævar í fjöllum og á láglendi. Trausti Jónsson og Flosi Hrafn Sigurðsson (2000) telja að samanlögð leysing dagana 27.-28.03. hafi hugsanlega getað samsvarað um 110 mm að vatnsgildi, að því tilskildu að nægur snjór hafi verið til staðar. Það er því greinilegt að leysingin þessa dagana hefur bætt um betur (Halldór G. Pétursson og Esther Hlíðar Jensen 2000).

Atburðarás: ...Líklega hafa skriðuföllin í þessari hrinu, hafist í Staðarsveit á Snæfellsnesi þegar stór og áberandi skriða féll úr fjallinu ofan við bæinn Furubrekku. Hún féll eftir miklar rigningar um miðjan dag mánudaginn 27.03. Seint um kvöldið þ. 27.03. féll snjó- og krapaspýja blönduð steinum og aur í Steinsófæru á Óshlíð. Lokaði flóðið veginum, en það féll að hluta á vegskála, sem þá sannaði enn einu sinni gildi sitt. Á sama tíma var töluvert grjóthrun úr Óshlíðinni og hélt það áfram fram eftir þriðjudeginum (28.03.). Sama kvöldið og snjóflóðið féll á Óshlíð, féll mikil aurskriða úr Búlandshöfða á norðanverðu Snæfellsnesi yfir nýja þjóðveginn þar og út í sjó. Hún

reif með sér vegrið og lokaði veginum. Um tvöleytið aðfaranótt þriðjudags (28.03.) er talið að skriðurnar hafi fallið á sumarbústaðina í Saurdal við Hreðavatn. Þessa nótt féll talsvert af skriðuspýjum á þessum slóðum, þótt enginn þeirra ylli álíka spjöllum og þær í Saurdal. ...Á þriðjudeginum féllu skriður víða um landið, en tímasetning fæstra þeirra skriðufalla er þekkt. Þannig urðu skriðuföll víða í Gilsfirði og tengdust flestar þeirra giljum eða gilskorningum. Sumar þeirra hlupu yfir veginn um fjörðinn og lokuðu honum, en það kom ekki að sök því umferðin fer nú öll um Gilsfjarðarbrú og lítil eða engin búseta er í firðinum að vetri til. Í Saurbæ, rétt sunnan við Gilsfjarðarbrú, hljóp stór og áberandi skriða úr fjallshlíðinni ofan við bæina Neðri- og Efri-Brunná. Trúlega hafa þessar skriður fallið um svipað leyti og skriðuföllin urðu við Hreðavatn. Þá er talið að í þetta skiptið hafi fallið skriða í Akrafjalli gegnt Akraneskaupstað og önnur í Miðfells múla á Hvalfjarðarströnd ofan við bæinn Hlíð. Einnig er sennilegt að tvær stórar skriður í nágrenni eyðibýlisins Svalvoga á norðurströnd Arnarfjarðar hafi fallið í þetta skiftið. Ekki er ólíkt að skriður hafi fallið víðar á Vesturlandi og Vestfjörðum í þessum leysingum og úrkomu, þótt þeirra hafi ekki verið getið.

...Á Norðurlandi er getið um skriður í sambandi við leysingarnar, í Reykjabungu ofan við Laugarbakka í Miðfirði, neðarlega í fjallshlíðinni milli Skriðulands og Móbbergs í Langadal og í landi Fjósa í Svartárdal. Sú skriða hljóp yfir veginn og féll þriðjudaginn (28.03.). Neðst í Öxnadal í landi eyðibýlisins Skjaldarstaða hljóp stór skriða úr Staðartunguhálsi og niður í á, en auk þessa hlupu nokkrar spýjur á víð og dreif úr hálsinum. Þessar skriður voru fallnar um hádegi á þriðjudag, en þá var asahláka í hvassri og þurri sunnanátt. Gegnt Akureyri féll þessa dagana skriða neðst úr Vaðlaheiði, rétt ofan við sjávarhamrana og ekki er ólíklegt að í þetta skiptið hafi fallið önnur skriða úr fjallshlíðinni við bæinn Geldingsá. Þá er þess getið að austanlands hafi skriða fallið í Þvottárs skriðum og ekki er ólíklegt að víðar hafi skriður fallið í þessum landshlutum þótt þeirra hafi heldur ekki verið getið.

...Aðfaranótt miðvikudagsins (29.03.) féll svo stykki úr nýja veginum á milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar um Búlandshöfða. Líklega var það síðasta skriðan sem féll í þessari leysingahrinu en þá hafði mikið dregið úr rigningunni ef ekki alveg stytt upp. Nýi vegurinn, sem reyndar var byggður á gömlum grunni fór í sundur einhvern tíma á milli 01 og 06. Skriðan féll úr sjálfum veginum og náði upptakaörið upp undir efri brún vegarins, sem hvarf á um 30 m kafla. Talið var að um 5-8000 m³ efnis hafi þarna hlaupið í sjó fram (Halldór G. Pétursson og Esther Hlíðar Jensen 2000).

Skriðufallið á sumarbústaðina við Hreðavatn: ...Flestar skriðurnar sem féllu við Hreðavatn er varla hægt að flokka öðruvísi en spýjur. Þeirra hefði varla verið getið nema af því að tvær þeirra féllu á tvo sumarbústaði, eyðilögðu þá og ollu miklu tjóni. Þessir bústaðir stóðu rétt undir hlíðinni sem skriðurnar féllu úr. Bústaður sem stendur aðeins lengra frá hlíðinni og á milli þeirra sem skriðurnar féllu á slapp. Í honum svaf stúlka nóttina sem skriðurnar hlupu. Það var ekkert annað en heppni að spildan ofan við þann bústað hljóp ekki fram í skriðuföllunum og eins að brakið úr hinum bústöðunum lenti ekki á honum, en annar þeirra átti aðeins um 2 m ófarna þegar hann stöðvaðist. Óvíst er hvernig hefði farið fyrir stúlkunni, ef skriða hefði fallið á bústaðinn, en hún áttaði sig ekki á hvað hafði skeð fyrr en um morguninn. Eða eins og hún sagði í blaðaviðtali. „Ég varð vör við læti hér um tvöleytið, en gerði mér enga grein fyrir því hvað þetta var“.

...Sumarbústaðirnir sem skriðurnar féllu á standa í landi jarðarinnar Hreðavatns. Þeir standa í litlum dal sem nefnist Saurdalur, austan undir lágum klapparási, sem hækkar til norðaustur, en hann nefnist Stórimúli. ...Yst í Saurdal eru hlíðar Stóramúla fyrst í stað lág og aflíðandi brekka sem verður fljótlega brattari og um 10-20 m há.

Sumarbústaðirnir sem skriðurnar féllu á standa í þyrpingu yst í dalnum. Lengra inn með múlanum standa fleiri bústaðir, en þeir eru lengra frá hlíðinni sem hér er hærrí og brattari. ...Skriðurnar höfðu rifnað úr jarðvegsþekjunni í neðri hluta brekkunnar, en ofan við eru klappir á yfirborði. Skriðuörin eru um 10 m breið og hefur jarðveg skafið burt niður á laus jarðlög undir honum, en þar virðist aðallega vera um jökulruðning að ræða. Jarðvegurinn virtist ekkert sérstaklega þykkur, þannig að skriðuörin eru ekki nema 0,5-1 m á dýpt. Upptök þeirra beggja voru í sömu hæð, beint fyrir ofan sinn hvorn bústaðinn. Ekki hljóp úr hlíðinni ofan við bústað nr. 6, en þar var jarðvegurinn nokkurn veginn alveg rifinn í gegn á milli skriðuöranna. Sást þarna greinileg sprunga efst í litlum jarðvegshjalla eða smá palli neðan við klappirnar. Virtist sem jarðvegsmyndun og hjallinn í hlíðinni tengist lagamótum í berggrunni. Ofan við eru berar klappir eða fornt hraunlag en neðan við er jarðvegur ofan á fornu millilagi. Ofan við stykkið sem ekki hljóp úr og bústað nr. 6 er klöppin aðeins hærrí. Ekki er ólíklegt að þessi mishæð eða klettasnös, hafi verið nægjanleg til að kljúfa vatnsflauminn sem streymdi niður klöppina við leysingarnar og beina honum sitt til hvorrar hliðar og niður í hlíðina þar sem skriðurnar féllu úr henni. Ef til vill er þetta ástæðan til þess að þarna féll ekki skriða úr hlíðinni og bústaður nr. 6 slapp. Rétt er þó að geta þess að einhvern tíma hefur þarna fallið skriða úr hlíðinni, því uppgróið fornt skriðuör sést greinilega í hlíðinni neðan við klettasnösina, beint fyrir ofan bústað nr. 6. ...Eins og áður sagði féllu skriðurnar úr hlíðinni beint fyrir ofan bústaði nr. 5 og 7. Þegar við skoðuðum aðstaður þ. 29.03. eða um 1½ sólarhring eftir skriðufallið var hlíðin umhverfis skriðuörin ekkert sérlega blaut og ekki heldur flatinn neðan við, þar sem bústaðirnir sem skriðurnar tóku stóðu. Ekkert vatn rann heldur úr skriðuörunum og hvergi varð vart við jarðklaka. Strax utan við, ofan við bústaði nr. 4, 3 o.s.frv. var miklu blautara. Er ekki ólíklegt að þar leynist uppspretta og hálfgerð mýri í hlíðarrótunum. Þurrara virtist innan við, eða ofan við bústaði 8, 9 o.s.frv., en milli bústaðs 7 og 8 er lítill lækjarfarvegur eða smá vatnsrás frá hlíðinni. Ekki varð séð að mjög mikið flóð hefði orðið í þeirri lækjarsytru en hugsanlega hefur hún stíflast af snjó og vatnið þá beinst annað, eða í áttina að bústað nr. 7.

...Skriðurnar höfðu aðeins fallið stutt frá hlíðinni og eins og áður sagði beint á bústaðina sem stóðu rétt undir hlíðinni. Er vafamál að þær hefðu farið mikið lengra út á flatlendið en þær fóru, þótt engir bústaðir hefðu verið til að stöðva þær. Bústöðunum höfðu þær ýtt af grunnunum og bústaður nr. 5 borist eina 5-10 m niður og aðeins snúist til. Skriðan sem féll á hann hafði að mestu hrúgast upp fyrir ofan hann og niður undir bústað nr. 6. Bústaður 7 hafði færst meira, eina 10-20 m og snúist um 90°. Hann var líka mun verr farinn, allur liðaður í sundur. Var eins og skriðan hefði kastað honum til hliðar og haldið síðan áfram niður undir bílastæðið neðan við sumarbústaðahverfið. Skriðurnar sem féllu á bústaði nr. 5 og 7 voru ekki mjög efnismiklar en samt sem áður náðu þær að færa til og eyðileggja bústaðina.

...Asahláka var þegar skriðuföllin urðu og mikill snjór hlýtur að hafa bráðnað á skömmum tíma bæði vegna hlýindanna og ekki minnst rigningarinnar sem fylgdi, sem seinna breyttist í ofsarigningu. Skaflarnir sem lágu utan í hlíðinni hafa því bráðnað hratt og vatnið hripað niður í jarðvegin. Eitthvað vatn hlýtur að hafa fossað niður af Stóramúla og niður í hlíðina, en uppi á múlanum bráðnuðu snjóskaflar sem þar lágu. Ekkert fannst þó á þessu svæði sem benti til að vatnið hefði runnið eftir einhvers konar rásum út af múlanum ofan við skriðufallasvæðið. Baklandið eða vatnasviðið uppi á múlanum, sem runnið getur af til skriðufallasvæðisins er heldur ekki svo mikið, þótt það hjálpi mikið til hve þéttur berggrunnurinn er og jarðlagahalli sé austlægur. Mikil úrkoma á stuttum tíma virðist því höfuðástæða skriðufallanna, þótt hlákan hafi að sjálfsögðu hjálpað mikið til.

...Engin augljós skýring virðist á því hvers vegna skriðurnar féllu þarna, frekar en annars staðar, nema ef vera skildi að þarna í hlíðinni sé jafnan einhvers konar vatnsuppkoma eða uppsprettur. Virðist sem að lækjarsprænan og mýrarkennda svæðið utan og innan við skriðurnar bendi til þessa. ...Má vel vera að uppspretturnar hafi verið stíflaðar af klaka eða vatnsflaumurinn einfaldlega verið svo mikill að þær hafi ekki haft undan. Óljóst er líka hvers vegna öll hlíðin ofan við bústaði 5, 6 og 7 hljóp ekki niður og stykkið ofan við nr. 6 var skilið eftir. Má vera að klettasnösín ofan við hafi verið einhver hlíf gegn vatnsflauminum, eða þarna hafi ekki getað safnast fyrir eins mikið vatnsmagn vegna þess að þarna er fornt skriðuör í hlíðinni og jarðvegurinn því þynnri (Halldór G. Pétursson og Esther Hlíðar Jensen 2000).

Aðrar skriður við Hreðavatn: ...Stærsta skriðan féll í hlíðum Litlaskarðsfjalls rétt utan við eyðibýlið Laxfoss. Þarna hreinsaðist heilmikill jarðvegur utan af fjallshlíðinni, en auk þess sást smáspýja í hlíðinni ofan við bæjarhúsin. Á austurbakka Hreðavatns sáust tvær breiðar spýjur seinna um sumarið, en þær höfðu báðar fallið úr brattri hlíð eflaust í þessari leysingahrinu. Á vesturbakkanum sáust einnig víða ummerki um mikla og ákafa vatnavexti þar sem runnið hafði úr göngustígum og vegslóðum. Lækurinn ofan við bækistöðvar Skógræktarinnar eða gamla Hreðavatnsbæinn í Húsadal, hljóp með svo miklum aurburði að kalla mætti skriðu. Í Húsadal hljóp einnig skriða neðst úr Stóramúla. Innar í Saurdal, en þar sem skriðurnar féllu á bústaðina, hljóp tiltölulega stór skriða í nágrenni sumarbústaðahverfis sem þar stendur. Bústaðirnir voru allir í öruggri fjarlægð frá skriðunni, en hún féll niður undir vatnsból sem þarna er án þess þó að spilla því. Þá féll þó nokkur skriða úr gróinni hlíð ofan við bæinn Brekku, um 2 km norðan við sumarbústaðasvæðið í Saurdal (Halldór G. Pétursson og Esther Hlíðar Jensen 2000).

Heim: Ríkisútvarpið 28.03. fréttir kl. 08. 09. 12.20. 14. 18., 29.03. fréttir kl. 12:20., 30.03. fréttir kl. 12:20. Ríkisútvarpið, sjónvarp 28.03. fréttir kl. 19., 29.03. fréttir kl. 19. Bylgjan 28.03. fréttir kl. 12., 29.03. fréttir kl. 12. Stöð 2. 28.03. fréttir kl. 19., 29.03. fréttir kl. 19., 03.04. fréttir kl. 19. DV 28.03. 29.03. 30.03. Mbl. 29.03. 30.03. 04.04. Dagur 29.03. 30.03. 31.03. Skessuhorn 30.03. Austri 06.04. Halldór G. Pétursson og Esther Hlíðar Jensen 2000: Skriðuföllin við Hreðavatn, 27.-28. mars 2000. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-00020. Trausti Jónsson og Flosi Hrafn Sigurðsson 2000: Úttekt á úrkomu og leysingu á Sæfellsnesi 27. og 28. mars 2000. Greinargerð send Vegagerðinni 13.4.2000, Veðurstofa Íslands 210/3146/MJ/KG. Gögn Náttúrufræðistofnunar.

6. maí STRANDIR (Kaldbakshorn, Veidileysukleif)

Grjóthrun.

Veður: Líklega rigning á Vestfjörðum, leysingar.

Atburðarás: ..., „Það stóð tæpt,“ segir Jón H. Elíasson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hólmavík, sem var á leið um Kaldbakskleif, þegar klettanef fyrir ofan veginn klofnaði frá berginu og fleiri tonn af grjóti hrundu niður á veginn, stærstu steinarnir um 15 til 20 tonn. Jón, sem var í eftirlitsferð norður Strandir vegna fréttar um smávægilegt grjóthrun í Veidileysukleif, sagði að nokkrir steinar hefðu verið á veginum í Kaldbakskleif þegar hann var á bakaleið og hefði hann farið út til að kasta þeim af veginum. Heyrði hann þá eitthvað fyrir ofan sig og leit upp. Sá hann þá að stórt klettanef var að rifna frá berginu fyrir ofan. Það vildi honum til happs að hann hafði skilið bílinn eftir í gangi. Hann stökk inn í bílinn og tókst að keyra frá. Klettanefið kom niður nokkrum metrum fyrir aftan bílinn. Þar sem hann hafði staðið augnabliki áður voru nú nokkur hundruð tonn af grjóti (Mbl. 09.05.). ...Nei ekki

mjög hátt, þetta heitir Miðhamar sem þetta fór úr, þetta er svona dálítið hár hjalli sem þetta fór úr, ekki úr sjálfu Kaldbakshorninu. ...Þetta hefur dreifst yfir ca. 20-30 m stórt svæði, þetta voru einhver hundruð tonn sem komu niður (Ríkisútvarpið 07.05).

Heim: Ríkisútvarpið 07.05. fréttir kl. 08. 12:20. Mbl. 09.05.

7. maí ÓSHLÍÐ

Grjóthrun.

Veður:

Atburðarás: ...Þessa dagana mun hafa verið nokkut grjóthrun í Óshlíð og þ. 07.05. féll stórt bjarg á veginn (a.m.k. 1,5 m að þvermáli). Grjótið mun hafa fallið úr ruðningi á skerðingarbrún við veginn.

Heim: Þorsteinn Sæmundsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Sauðárkróki.

17. og 21. júní SUÐURLANDSKJÁLFA

Grjóthrun við jarðskjálfta .

Veður:

Atburðarás: Um kl. 15:40 þ. 17.06. varð jarðskjálfti um 6.4 á Richter á Suðurlandi, nánar tiltekið austarlega í Holtunum. Fáeinum mínútum seinna varð jarðskjálfti við Kleifarvatn sem mældist um 5 á Richter. Annar skjálfti varð svo á Suðurlandi um kl 00:51 þ. 21.06., en upptök hans voru í Flóanum. Hann mældist einnig um 6.4 á Richter. Stóru skjálftunum fylgdi fjöldi smærri eftirskjálfta næstu vikurnar á eftir.

Grjóthrun og skriðuföll: Grjóthrun og skriðuföll urðu við báða stóru skjálftana á Suðurlandi og einnig við Kleifarvatnsskjálftann. Þá varð einnig grjóthrun við suma eftirskjálftana og einnig hrundi grjót, sem losnað hafði um við stóru skjálftana, „af sjálfu sér“ úr klettum fram eftir öllu sumri. Sérstaklega mun þetta hafa verið áberandi í Vestmannaeyjum.

Grjóthrun 17. júní: ... Skriður og björg hafa fallið úr fjöllum víða á Suðurlandi og a.m.k. allt vestur fyrir Kleifarvatn á Reykjanesi (Ríkisútvarpið 17.06.). ...Björg hrundu úr fjöllum allt frá Þórsmörk vestur að Kleifarvatni (Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.06.).

Þórsmörk: ...en einna mesta hrundið sem fréttastofan hafði spurnir af varð í Þórsmörk. Skúli Magnússon, sjónarvottur sem staddur var í Goðalandi, segir að mikið grjót hafi hrundið úr Teigstungum, þannig að fjallið þar fyrir ofan hafi hulist reykt (Ríkisútvarpið 17.06.).Þegar við litum til Eyjafjallajökuls sáum við mjög mikið grjóthrun úr Innstahaus, frá sama stað og mikið berghrun varð árið 1967, og sáum reyndar hvar grjótspýjurnar hrundu niður úr öllu, jöklinum og rykmekkina stíga upp frá þeim. ...að einnig hafi sést í rykkófið frá grjóthruni úr Teigstungum inni við Mýrdalsjökul. Þá hrundi grjót úr Valahnjúk sem er beint fyrir ofan skálann í Langadal og sömuleiðis úr öllum brekkum þar í kring (Mbl. 20.06.).

Eyjafjöll: ...Það varð grjóthrun undir Eyjafjöllum á vegi þar, en það má þræða með þessu öllu saman enn þá (Ríkisútvarpið 17.06.). ...undir Fjöllum (Eyjafjöllum) er dálítið af grjóti, það er eflaust búið að fjarlægja megnið af því, en vegir eru færir (Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.06.). ...Nokkuð var um grjóthrun á vegi í jarðskjálftanum og voru dæmi þess að stór björg hefðu oltið inn á vegina, m.a. undir Eyjafjöllum. ...há Vegagerðinni sagði að þetta hefði ekki verið í neinum verulegum mæli og fljótlega hefði gengið að hreinsa veginn með traktorsgröfu (Mbl. 20.06.).

...Undir Eyjafjöllum fréttist um grjóthrun á eftirfarandi stöðum: Austan Holtsár á Þjóðveginn, við Sauðófsvöll, við Ystaskála, við Hvamm, í nágrenni Núpsbæjanna og ofan við Merkurnes eða Langanes (Esther Hlíðar Jensen 2000: Úttekt á jarðfræðilegum hættum eftir jarðskjálftana 17. og 21. júní 2000, Veðurstofa Íslands, Greinargerð).

Ásahreppur: ...Jón og fjölskylda hans (Syðri-Hömrum 2 í Ásahreppi) hafa sofið í stofunni frá því skjálftinn á Þjóðhátíðardaginn reið yfir. Hann sagðist hafa talið það tryggara, ekki síst vegna þess að bærinn er undir klettahlíð. Ekkert féll úr klettunum, en mikið hrundi hins vegar úr klettum austan við bæinn (klettabelti þetta er nokkrum km austan við Þjórsá) (Mbl. 22.06.).

Holt: ...Daníel sýndi blaðamönnum Morgunblaðsins, Hestaklett við Hestaklettsfoss í Þjórsá, sem mjög hefur breyst í hamförunum vegna þess hversu mikið hefur hrunið úr honum (þessi klettur er við Þjórsá nyrst í Holtunum) (Mbl. 21.06.).

Gnúpverjahreppur: ...Grjóthrun varð víða á Suðurlandi, t.d. í Gnúpverjahreppi (Ríkisútvarpið 17.06.). ...Ég (Björg Eva Erlendsdóttir, sjónarvottur í Gnúpverjahreppi) var stödd í Kragaskarði á leiðinni upp í Laxárdal. Það er dálítið af lausagrjóti í hlíðinni og það fór allt af stað og varð þó nokkuð mikið grjótflug. Við vorum þarna 3 konur á göngu, ætluðum nú annað, en fórum svo niður að Laxárdal í stað þess að halda áfram göngunni vegna þess að halda áfram göngunni vegna þess að hlíðin var það ókyrr fyrir ofan okkur að við þörðum því bara ekki (Ríkisútvarpið 17.06.). ...og í fjallinu hérna fyrir ofan (Stöðulfell undir Skarðsfjalli) er gríðarlegt hrun. Það hefur allt farið á hreyfingu sem hægt var að koma á hreyfingu (Ríkisútvarpið 17.06.). ...Mikið hafði hrunið úr klettum við bæinn, sem hefur væntanlega átt sinn þátt í því að hræða skepnurnar (DV 19.06.). ...Mikið grjót hrundi úr hlíðinni ofan við Stöðulfell í skjálftanum. Grjótið stöðvaðist á trjám sem eru í brekkunni ofan við bæinn og skemmdi þau, en engir steinar féllu í námunda við íbúðarhúsið. ...Í Þrándarholti næsta bæ við Stöðulfell ...þau hlupu strax út og horfðu á grjót koma niður hlíðina við bæinn (Mbl. 20.06.).

Skeið, Hrunamannahreppur: ...Aðspurður kvað Samúel það hafa hrunið á tveimur stöðum úr Vörðufelli og töluvert úr Miðfelli, mest úr austurhlíð fjallsins, niður á tún. Þá hrundu björg úr austanverðum Kópsvatnsás. Og þá varð töluvert hrun úr klettum í Hvítárgljúfri við fyrri skjálftann (Gögn Náttúrufræðistofnunar).

Vestmannaeyjar: ...Mikið rykský steig upp af Blátindi og Klifinu og héldu sumir að eldgos væri hafið, einkum í Klifinu, sem huldist algjörlega í mekkinum að sögn sjónarvotta. ...að Blátindi, sem um tíma virtist vera á leiðinni niður í Dalinn og golfvöllinn. Að minnsta kosti tvær skriður fóru af stað, hvorug þeirra náði niður á jafnsléttu, en nokkuð af grjóti fór alveg niður. Meðal annars lenti stór steinn, líklega um 100 kg, á hurð veitingartjaldsins, án þess þó að valda slysum eða tjóni, nema hvað ein kona meiddist á fæti á hlaupunum. ...Umtalsvert hrun varð líka úr Klifinu en þar fóru stærðar björg niður á veginn inn á Eiði og hefði getað orðið stórslys ef hefði fólk og bílar verið þar á ferð. Stór steinn lenti á húsi Fiskmarkaðarins en olli ekki tjóni. ...Ljóst er að víðar hefur hrunið úr björgum, lundabyggð hefur sumstaðar farið í heilu lagi í sjóinn. ...Umfang hrunsins bæði á heimalandinu og í úteyjum hefur ekki verið kannað en ljóst er að það er umtalsvert (Fréttir Vestmannaeyjum 22.06.).

...Jóhannes Ólafsson, varðstjóri í Vestmannaeyjum segir að þar hafi orðið talsvert grjóthrun, en kona fótbrotnaði í Herjólfsdal við að hlaupa undan grjóthruni. “Það náttúrulega hrundi töluvert úr fjöllum, sérstaklega Klifinu og Dalfjallinu, það var náttúrulega fjöldi fólks inni í dal. Þetta fór betur en áhorfðist. ...En urðu einhverjar skemmdir á húsum eða vegum? Við höfum ekki fengið tilkynningar um það enn þá, en það voru mjög stór björg sem fóru úr Klifinu og niður á veginn” (Ríkisútvarpið

17.06.). ...hins vegar hefur orðið mikið hrun úr fjöllunum af grjóti, mold og ýmsum gróðri, t.d. er vegurinn undir Stóra-Klifi þakinn grjóti, stórgrýti sem hefur fallið úr fjallinu í tengslum við jarðskjálftann. ...og þá varð mér litið á Blátind og sá að varðan var farin af toppnum og mikill reykur og mikið hrun í Blátindi (Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.06.).

...Þetta bjarg sem féll úr Klifinu í Vestmannaeyjum hafnaði á fiskvinnsluhúsi. Mikil umferð er á þessu svæði og má telja mildi að ekki urðu slys á fólki. Að sögn lögreglunnar í Vestmannaeyjum urðu a.m.k. 3 kindur fyrir skriðunum og dráput. ...„Já við vorum hjá Hánni, það er rosa steinn þar og svo kom skriðan bara niður rétt hjá þar. Munaði minnstu að hún lenti á ykkur? Það munaði sko ekki miklu“ (Stöð 2, 17.06.).

...heimamenn minntust þess í dag, með kristnihátíð á Skansinum. Til stóð að hátíðin yrði haldin í sandfjörinni, Löngu undir Heimakletti, en þar var vettvangur þeirra atburða sem hér hefur verið lýst. Vegna jarðskjálftanna varð hins vegar að flytja hátíðarhöldin vegna þess að mikil grjóthrun varð úr Heimakletti, m.a. féll gríðarstórt 10 tonna bjarg beint ofan í Löngu (Stöð 2, 18.06.).

...Það er sjálfsagt fyrir sjófarendur að fara ekki nálægt klettunum. Hvorki Heimakletti, né Innstakletti. Það getur náttúrulega hrunið eitthvað enn þá, og sjá hérna út í Ystaklett. Þar var svæði sem var lundaveiðistaður, var iðagræn brekka héðan að sjá. Héðan að sjá eru þetta einhverjir hundruð m² sem hafa runnið í sjó fram, og sjálfsagt tekið með sér lunda, því eins og kunnugt er þá er lundinn á hreiðri núna og inni í holu (Ríkisútvarpið 18.06.). ...og sá þegar stór stykki af torfi hrundu úr Ystakletti og á svartfuglabyggð og drápu marga fugla. ...Hrunið var mikið austan í Ystakletti og norðan í Miðkletti og Heimakletti og töluvert af fugli drapst, bæði lundar sem voru í holum sínum og eins svartfugl sem var á syllum sínum þegar torfið rann yfir (Mbl. 20.06.).

Þrengsli: ...Þá munu stór björg víða hafa hrunið úr fjallahlíðum í Þrengslum og komið af stað skriðum eða myndað ör í hlíðum. Aðallega talið hafa átt sér stað við fyrri skjálftann (Gögn Náttúrufræðistofnunar).

Selvogur: ... Grjóthrun úr Hlíðarfjalli og Herdísarvíkurfjalli (Gögn Veðurstofunnar). ...Ég var staddur við húsið hans Einars Ben. (í Herdísarvík). ...og svo sjáum við bara þegar fjallshlíðin þarna á móti kemur bara hrynjandi niður, bara í stórum björgum og það voru heilmiklar skriður sem hrundu þarna niður og loftið var allt reykmettað og mikill fnykur sem fylgdi þessu og það var gríðarlegt sjónarspil að verða vitni að þessu. ...En á leiðinni heim hvernig voru vegirnir? Já á leiðinni heim þá var töluvert af stórum björgum sem höfðu hrunið við veginn og yfir veginn og lágu á veginum. Hann var að vísu ekki lokaður en þau voru samt úti á miðjum vegi, svo menn gátu sneitt framhjá þessu (Ríkisútvarpið 17.06.). ...Töluvert grjóthrun varð hins vegar á veginn við Hlíðarvatn (Mbl. 20.06.).

Krísuvík: ...Tuga tonna björg féllu á veginn við Kleifarvatn á Reykjarnesi. Litlu munaði að bílar sem áttu þar leið um yrðu fyrir grjóthruninu (Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.06.). ...Töluvert grjóthrun varð hins vegar á veginn við Hlíðarvatn og Kleifarvatn (Mbl. 20.06.).

Sveifluháls: ...Jarðskjálftinn í gær olli grjóthruni úr Sveifluhálsi á veginn frá Krísuvíkurleið og að Djúpavatni. Enn er talin hætta á hruni þarna og er vegfarendum eindregið bent á að fara ekki Djúpavatnsleið, austan Djúpavatns (Ríkisútvarpið 18.06.).

Keilir: ...segir einnig greinilegt að eitthvað hafi hrunið úr klettum við uppgönguleiðina á Keili við jarðskjálftann (Mbl. 23.06.).

Skarðsheiði: ...Þá er getið um grjóthrun í Stórabergi í Skarðsheiði (Gögn Veðurstofunnar).

Grjóthrun 21.06.:

Hestfjall: ...en sunnan við Hestfjall ...og sést þó nokkuð af stórum grjótbjörgum sem hafa hrunið niður, ný björg sem eru ca. 1,5 m á hæð, en þau hafa stöðvast áður en að bústöðunum kemur. Eitt þeirra hefur stöðvast svona í 10 m fjarlægð frá bústaðnum. Þannig að við gátum ekki séð tjón á bústöðum vegna hruns úr fjallinu, en hins vegar er innbú í flestum bústöðum á tjá og tundri (Ríkisútvarpið 21.06.). ...Sumarbústaðir sem liggja vestast undir Hestfjallinu lentu illa í jarðskjálftanum í fyrrinótt. Minnstu munaði að illa færi þegar þriggja tonna bjarg skoppaði 60 til 70 metra niður fjallshlíðina og stöðvaðist um 10 metra frá Þrúðvangi nýjum sumarbústað (DV 22.06.). ...Stórir grjóthnullungar hafa klofnað úr klettabeltinu efst í hlíðinni og oltið um 100 m niður á sléttlendið. Nokkrir þeirra stöðvuðust alveg við sumarbústað og einn hafnaði ofan í tjörn við bústaðinn (Mbl. 22.06.).

...Við erum staddir á Gíslastöðum, eyðibýli á bökkum Hvítár, austan til í Hestfjalli. Það er á þessum slóðum sem jarðskjálftinn í gær átti upptök sín. Við komumst ekki nær honum en þetta. Verksummerki hér eru helst þau að grjót hefur fallið úr fjallinu og þessi steinn hér fyrir framan mig hann hefur fallið í nótt. Norðan við bæinn eru klettur og úr þeim hafa fallið talsverðar skriður, en valda engri hættu, þar sem hér er engin byggð (Ríkisútvarpið, sjónvarp 22.06.).

Við Urriðafoss: ...en í brekku vestan við bæinn (Urriðafoss) gefur að líta enn hrikalegri afleiðingar skjálftans. Þar hefur a.m.k. 200 m stykki hreinlega losnað úr brekkunni, runnið niður eina 50 m eða svo og skilið eftir sig stórt sár (Ríkisútvarpið 21.06.). ...og hér sjáum við þessa merkilegu skriðu sem er fyrir ofan Urriðafoss. Þessi staður er fyrir ofan Urriðafoss er tákn um þá ógnarkrafta sem hafa verið hér að verki. ...Meira en mannhæðar djúpt yfirborðslag af gróðri hefur flengst þarna niður. Þeir sem voru þarna sögðu þetta væri svona eins og að krafturinn að vestanverðu hefði bara hent þessu frá. En það sem var kannski ógnvænlegast er að þetta er kannski fyrirhugað sumarbústaðahverfi. Menn munu kannski hika við það, en þeir voru byrjaðir að hasla sér völl þarna. Og sem nærri má geta, úr því að heila hlíðin gat farið svona niður, þá var allt á tjá og tundri í húsunum þarna við hliðina (Ríkisútvarpið, sjónvarp 21.06.). ...Tjón á landi fyrir ofan Urriðafoss var einnig gífurlegt. Engu líkara var en einn og hálfur hektari af landi hefði verið skafinn í burtu. Eftir stóð ekkert nema moldardrulla og tveimur til þremur metrum neðar var klöppin sem eitt sinn hafði verið skýlt af grasi (DV 21.06.).

Ingólfsfjall: ...grjót hefur hins vegar hrunið úr fjöllum, m.a. úr Ingólfsfjalli (Ríkisútvarpið 21.06.).

Grímsnes: ...var staddur við Ásgarð í Grímsnesi ...þegar skjálftinn var búinn heyrði ég greinilega þegar grjótið þeyttist niður fjallshlíðarnar í kringum okkur (Búrfell í Grímsnesi) (Mbl. 21.06.). ...Við Mosfell í Grímsnesi féll grjót í seinni skjálftanum og náði einn u.þ.b. 7 tonna steinn út á veg sem liggur að nýlegum bústöðum (Esther Hlíðar Jensen 2000: Úttekt á jarðfræðilegum hættum eftir jarðskjálftana 17. og 21. júní 2000, Veðurstofa Íslands, Greinargerð).

Þingvellir: ...Stórt bjarg hrundi úr Hakinu ofan við Hestagjá á Þingvöllum í jarðskjálftanum í fyrrinótt. Talið er að stærsta bjargið vegi um 30 tonn en umhverfis það liggja björg og hnullungar á víð og dreif. Við Drekkingarhyl og nyrst í Stekkjargjá hrundu stórir hnullungar úr gjárbakkanum. Veginum um Almannagjá og göngustígnum út á Hakið var strax lokað. Mest grjóthrun varð úr Hakinu fyrir framan

útsýnisskífu sem þar stendur. Grjótið hrundi ofan í Hestagjá, um 150 m norðan við tréþall, sem hefur verið reistur þar vegna kristnihátíðar (Mbl. 22.06.).

Vestmannaeyjar: ...Grjót sem hrundi úr Klifinu að suðaustanverðu lenti á sprengiefnageymslu bæjarins við rætur Hlíðarbrekkna og gjöreyðilagði hana. Þá féll grjót úr Heimakletti vestanverðum ofan á gamla björgunarbátaskýlið á Eiðinu og braut norðurgafli þess. Grjóthrun var víðar í Heimakletti, t.d. að norðan þar sem spilda fór úr Dufþekju ásamt því sem hrun var einnig ofan í innsiglinguna. Þá hrundi úr Hánni sunnanverðri niður á veg, til móts við Brekkugötu en olli ekki skemmdum (Fréttir Vestmannaeyjum 22.06.). ...Margar skriður féllu úr fjöllum í kringum Vestmannaeyjabæ í nótt. ...Það er eins og gaflinn á þessum gamla björgunarskýli við vestanverðan Heimaklett hafi verið sleginn út með hamri, eins og botn úr tunnu (þegar grjótið féll á það). Fyrir innan er gamall björgunarbátur, hluti af sjóminjasögu Vestmannaeyja algerlega óskemmdur, sem hlýtur að teljast með ólíkindum. Risastór björg hafa fallið úr Heimakletti í nótt. Þá féllu skriður úr Klifinu, sem er öllu alvarlegra, enda atvinnusvæði fyrir neðan og töluverð umferð. Lögregla lokaði enda veginum út á Eiði í snarhasti. ...Hér hefði líka getað orðið býsna hár hvellur. Þessi sprengiefnageymsla er orðin að mylsnu eftir grjóthnullungana. Ekkert af sprengiefninu sprakk þó. Unnið var að því að fjarlægja það af svæðinu í morgun. Rafmagn fór af í 10-15 mín. í Vestmannaeyjum í kjölfar jarðskjálftans (Stöð 2, 21.06.).

(Ódagsett hrun í Vestmannaeyjum við annan hvorn skjálftann): ...Mesta hrundi sýnist mér hafa orðið í Klifinu, Miðkletti, í Dufþekju og austan í Stórhöfða. Þarna eru víða svöðusár. Einnig hefur hrundi úr Lambaskorunum rétt fyrir ofan Skarfatanga (Fréttir Vestmannaeyjum 29.06.). ...Grjóthrun í Vestmannaeyjum (ódagsett): Ofanleitishamar, Stórhöfði, Blátindur, Klifið, Háin, Eystriklettur (Gögn Veðurstofunnar).

Seinna hrun/hrun við eftirskjálfta:

Vestmannaeyjar: Fram eftir sumri var töluvert grjóthrun úr klettum og björgum í Vestmannaeyjum, mest þó fyrst á eftir skjálftana. Sennilega hefur mest af þessu hrundi verið úr Klifinu, en uppgangan þangað var mjög ótrygg vegna hruns og sprungumyndana: ...Við könnun á kerfi símans eftir jarðskjálftann á miðvikudag hefur komið í ljós að eingöngu í Vestmannaeyjum hafa orðið skemmdir og rask, sem hætta er talin á að geti haft áhrif á fjarskiptakerfið. Mikið jarðrask varð í Klifinu, en þar eru GSM og NMT sendar símans, FM sendir Ríkisútvarpsins og fleiri sendar útvarpsstöðva. Stór sprunga liggur þvert í gegnum svæðið þar sem fjarskiptamöstrin standa og er talin hætta á að hluti af norðvesturhlíð bergsins klofni frá. Síminn hefur sérstakan viðbúnað í Vestmannaeyjum vegna þessa (Ríkisútvarpið 22.06.). ...Ekki er talið óhætt að senda menn fótgangandi upp á Klifið vegna hruns sem þar hefur orðið (Ríkisútvarpið 23.06.). ...Við sögðum frá því í kvöldfréttum okkar fyrr í kvöld að skriður hefðu fallið á ljósleiðara og rafstreng sem liggja upp á Klifið í Vestmannaeyjum. Þar standa m.a. fjarskiptamöstur fyrir fjarsíma og útvarp. Enn hrinur úr berginu og er óttast að strengirnir geti slitnar. Gísli Óskarsson, myndatökumaður okkar í Vestmannaeyjum náði í dag (22.06.), myndum þar sem skriða fellur í sjóinn úr Klifinu (Ríkisútvarpið, sjónvarp 22.06.). (...skv. myndum frá 24.06. var enn þá grjóthrun úr Klifinu, þegar vararafstöð var flutt upp á fjallið á laugardagsmorgun (24.06.)).

...Öðru hvoru hefur orðið vart við hrun úr fjöllum, eftir jarðskjálftana í sumar og skemmst að minnast lítillar gusu sem féll úr Klifinu á dögnum (25.08.) (Fréttir Vestmannaeyjum 31.08.).

Hengill: ...Skjálftar á Suðurlandi eru það sem af er þessum sólarhring nokkuð hundruð, flestir mjög litlir, stærsti eftirskjálftinn frá því sólstöðuskjálftinn reið yfir kom snemma í morgun, 3,5 á Richter og átti hann upptök sín við Hestfjall. ...Þannig hefur orðið mikið hrun í Henglinum og hefur fólk átt bókstaflega fótum fjör að launa. Auður Þórisdóttir var á ferð á þessu svæði í gær (24.06). Hún og unnusti hennar voru á göngu frá Innstadal að Ölkelduhálsi og fóru þá um Þrengslin svokölluðu. Þau settust niður á merktri gönguleið. Nokkrum sek. Eftir að þau héldu för sinni áfram féllu fjölmörg grjót og björg á staðinn sem þau höfðu áð. ...Þegar hamrabrúnirnar eru skoðaðar grannt má sjá að á fjölmörgum stöðum hafa stóreflis björg losnað úr fjallinu og fallið mislangt niður í hlíðar þess. ... Gríðarstór björg hafa skilið eftir sig sár í sverðinum. En lauslega má skjóta á að stærstu björgin vegi 1-3 tonn. ...Hópar fólks leita á þetta svæði, en ástæða er til að fara afar varlega, því grjótið hrynur fyrirvaralaust og ekki þarf endilega jarðskjálfta til. Mikið er orðið af lausu og sprungnu bergi á suður og suðvestur horni landsins (Stöð 2, 25.06.).

Heim: Ríkisútvarpið 17.06. fréttir kl. 18., 18.06. fréttir kl. 18. 22., 20.06. fréttir kl. 12:20., 21.06. fréttir kl. 07. 08. 12:20. 18., 22.06. fréttir kl. 12:20., 23.06. fréttir kl. 18. Ríkisútvarpið, sjónvarp 17.06. fréttir kl. 20:45., 21.06. fréttir kl. 07. 18:30. 22.06. fréttir kl. 22. Stöð 2. 17.06. fréttir kl. 18:55., 18.06. fréttir kl. 18:55., 21.06. fréttir kl. 08. 18:55., 25.06. fréttir kl. 18:55. DV 19.06. 21.06. 22.06. Mbl. 20.06. 21.06. 22.06. 23.06. 25.06. 27.06. 11.07. 11.04.2001. Dagur 22.06. 30.06. Sunnlenska fréttablaðið 22.06. 29.06. Fréttir Vestmannaeyjum 22.06. 29.06. 06.07. 31.08. 28.09. Visir.is 05.07. Kristján Sæmundsson 2000: Skriðuhætta á Hesti í Grímsnesi. Orkustofnun, greinargerð, KS/gr 0015. Esther Hlíðar Jensen 2000: Úttekt á jarðfræðilegum hættum eftir jarðskjálftana 17. og 21. júní 2000. Veðurstofa Íslands, greinargerð, VÍ-G00019-ÚR03. Esther Hlíðar Jensen 2000: Grjóthrun í Suðurlandsskjálftum 2000. Ágrip í „Haustráðstefna 2000“ bls. 2., Jarðfræðafélag Íslands, Reykjavík. Gögn Veðurstofunnar, Gögn Náttúrufræðistofnunar.

18. júlí VATNSDALUR

Skriða.

Veður: Þurrt í veðri, ekki af völdum rigninga

Atburðarás: ...Töluvert stór grjótskriða féll yfir Vatnsdalsveg í fyrri nótt (18.07.). Að sögn Þorvalds Böðvarssonar hjá Vegagerðinni á Hvammstanga hefur ekki fallið skriða þarna í ein fimm tíu ár og sagði hann skriðuna nokkuð stóra. Skriðan lokaði veginum á milli bæjanna Hjallalands og Hvamms í Vatnsdal, en Vegagerðin náði að opna veginn fyrir umferð rétt eftir kl. 13 í gær (Mbl. 19.07.). ...Skriðan sem féll á þriðjudaginn var í svokallaðri Hvammsurð skammt norðan við bæinn Hvamm í Vatnsdal (Mbl. 21.07.). ...Magnið var á bilinu 1500-3000 m³, sem var hreinsað af veginum og var þetta framhrun úr klettunum ofan við urðina. En þeir eru gerðir úr grófu kubbabergi (Vegagerðin á Hvammstanga)

Heim: Mbl. 19.07. 21.07. Vegagerðin á Hvammstanga.

20.-23. júlí ÞJÓRSÁRDALUR

Skriður.

Veður: Mikið rigndi á Suðurlandi þessa dagana og uxu ár og lækir víða í vatnsveðrinu. Varð t.d. ófært inn í Þórsmörk og þar (í Básum) mældist úrkomu 47 mm aðfaranótt 22.07.

Atburðarás: ...Þrátt fyrir þessa miklu úrkomu hefur ekki frétt af neinum skriðuföllum í þessu veðri, nema tekið var eftir nokkrum löngum og mjóum skriðuspýjum (hreinsast gilskorningar) í hlíðinni ofan við Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal (Sámsstaðamúla).

Heim: *Helga Magnúsdóttir, Bryðjuholti, Hrunamannahrepp.*

28. júlí ÍSAFJARÐARDJÚP (Álftafjörður/Súðavík) (slys)

Grjóthrun af mannavöldum.

Veður:

Atburðarás: ...Maður meiddist nokkuð í fjallgöngu skammt innan við Súðavík í Álftafirði um hádegisbilið á föstudag (28.07.). ...Óhappið varð í Hlíðargili, í um 400 m hæð að talið er, en þar voru fjórir menn á leiðinni upp. Leiðin er brött og mjög erfið en iðulega farin þegar gengið er á Klofa. Maðurinn steig á nokkur hundruð kílóa bjarg sem valt af stað. Hann varð undir steininum sem fór yfir mjöðm hans og læri (Bæjarins besta 08.03.).

Heim: *Ríkisútvarpið 28.07. fréttir kl. 15. Mbl. 29.07. Bæjarins Besta 02.08.*

Ath: Vafamál hvort þetta á að vera með eða ekki, en látið fljóta með.

9. ág. EYJAFJÖRÐUR (Dalsmynni)

Skriður.

Veður: ...Úrhelli var á Akureyri og í nágrenni í gærkveldi og nótt. Úrkoman á Akureyri mældist 19 mm milli kl. 18 í gærkvöld og 09 í morgun, sem er talsvert meira en öll úrkoma í júlí. Flóð voru á Oddeyri á Akureyri og flæddi inn í kjallara húsa (Ríkisútvarpið 09.08.). ...Samkv. upplýsingum Lögreglunnar á Akureyri féllu um 11 mm á tæpum tveim tímum, eða frá kl. 18 þegar mælt var og til kl. 20.

Atburðarás: ... Aurskriða féll í Dalsmynni, nyrst í Fnjóskadal. Vegagerðin fékk tilkynningu um skriðuna milli kl. 20-21 í gærkveldi (09.08.). Skriðan féll á veginn norðan við Þverá. Hún var um 20 m breið. Vegurinn var lokaður í nótt, mest af öryggisástæðum að sögn Vegagerðarinnar. Veghefill fór í morgun og opnaði fyrir umferð. Veghefilsstjórinn sagði að þetta hefði verið mest drulla og grautur (Ríkisútvarpið 09.08.). ...Tvö gil milli Skarðs og Þverár spýttu úr aur og leir. Þetta var þunn leðja sem lækir í ofsavexti báru með sér niður. Hugsanlegt að einhvers konar hörð skán vegna þurrks hafi verið á yfirborði eða í efst í jarðveginum, og því hafi úrkomuvatnið ekki komist niður í jarðlögin. Efsti hluti jarðvegsins því fljótt orðið vatnsósa. Sama sem ekkert hafði rignt allt sumarið á þessum slóðum, áður en þessi gusa kom (Gögn Náttúrufræðistofnunar).

Heim: *Ríkisútvarpið 09.08. fréttir kl. 22., 10.08. fréttir kl. 12:20. Bylgjan 10.08. fréttir kl. 08. 12. Ríkisútvarpið, svæðisútvarp Norðurlands 10.08. kl. 18:35. Aksjón 10.08. kl 18:15. DV 10.08. Mbl. 10.08 11.08. Dagur 11.08. Gögn Náttúrufræðistofnunar.*

16. ág. NJARÐVÍKURSKRIÐUR

Grjóthrun.

Veður: Úrhellisrigning er á norðaustanverðu landinu og eru ár og lækir í vexti eftir margra vikna þurrviðri í landshlutanum.

Atburðarás: ...Ekki ber á vegarskemmdum ennþá vegna rigninganna en varasamt getur verið að fara um Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar eystri vegna grjóthruns.

Heim: Ríkisútvarpið 16.08. fréttir kl. 18.

27. ág. ÓSHLÍÐ (slys)

Grjóthrun.

Veður: Mikil úrkoma við Ísafjarðardjúp þegar atburðurinn átti sér stað.

Atburðarás: ...Mildi var að ekki fór verr þegar grjótskriða féll á Óshlíðarveg í dag og talið er að varnargirðing gegn grjóti hafi komið í veg fyrir það. Margir bílar voru á leið um veginn og skemmdust nokkrir þeirra. Stórgrýti lenti á fólksbíl og skarst ökumaður hans á höfði, en er ekki alvarlega meiddur. Þetta gerðist eftir athöfn þar sem fagnað var því að 50 ár eru síðan vegurinn var tekinn í notkun. Um 100 voru við athöfnina og var bílalest á leið til Bolungarvíkur að henni lokinni. ... Þegar hún kom út undir Óshólavita tók grjót að falla úr Óshlíðinni. Lenti eitt á þaki fólksbíls, þakið dældaðist og framrúðan brotnaði, en ökumaðurinn hlaut skurð á höfði. Gat hann þó ekið áfram og út í Ósvör, þaðan sem hann var fluttur til Bolungarvíkur á Heilsugæslustöðina og gert var að meiðslum hans. Hann er ekki alvarlega meiddur. Bíll hans er líklega ónýtur og einhverjir fleiri bílar urðu fyrir skemmdum. Þar sem grjótið féll er varnargirðing gegn skriðum og grjóti og brotnuðu einir 3 staurar í girðingunni. Er talið að girðingin hafi komið í veg fyrir að ekki fór verr. Óshlíðarvegi var lokað um hríð í dag meðan grjóti var rutt af veginum (Ríkisútvarpið 27.08.).

(Úr bréfi Sýslumannsins á Ísafirði): ...Þegar komið var út í Hnifsdal fór að rigna, skömmu fyrir kl. 14:00. Þegar ég stöðvaði bílinn skammt frá Krossinum var hátíðin ekki byrjuð, hún hófst skömmu síðar. Það hafði verið ausandi rigning á Óshlíðinni. ..Að sjálfsögðu leit ég vel í kringum mig. Ekki varð neins staðar vart við nýfallið grjót á leiðinni út eftir. Það vakti athygli mína að vegskálinn sem var næstur, var alveg þakinn grjóti og aur. Ég nefndi við tvo menn á staðnum hvort ekki hefði verið rétt að flytja hátíðarhöldin inn í vegskálann. ...Að loknum hátíðarhöldum, sem fóru fram í ausandi rigningu, en þó án þess að vart yrði við grjóthrun eða skriðuföll, var haldið til Bolungarvíkur. ... Bílar hafa verið nálægt 30, en ég taldi þá ekki. Ég var tiltölulega aftarlega. Um kl. 14:31 stöðvuðu bílar fyrir framan mig. Þá sá ég bíla undir netinu, án þess að sjá að neitt væri að. ...Ég leit upp eftir fjallshlíðinni og sá reyk stíga upp. Mér varð strax ljóst hvað væri að gerast. Reykur stígur ekki upp í rigningu nema eitthvað sé að gerast og í þetta sinn hlaut grjót eða bjarg að vera á leiðinni niður. Ég sá stærðar bjarg neðar í hlíðinni, á stærð við lítinn fólksbíl. Það fór eins og í stórum stökkum niður fjallið og yfir grjótnetið og bíla og virtist fara fram af. Ég sá annað koma, sem stefndi á netið og sleit það. Reyndar var athyglisvert að sjá hve mikið netið virtist teygjast áður en það rifnaði og bjargið fór í gegn. Mér sýndist þetta bjarg liggja á vegkantinum sjávarmegin þegar ég ók svo í gegn síðar. ...En ekki var allt búið. Þriðja bjargið kom og féll það á einn staurinn sem hélt uppi grjótnetinu og lagði hann á hliðina ofan á veginn. Þetta bjarg var svipað að stærð og hið fyrsta, sem ég sá. Loks kom eitt minna er skoppaði yfir veginn og fram í sjó. Ekki skal fullyrt hvort það fór yfir netið, en mér sýndist það fara í gegnum bilið þar sem netið rifnaði. ...Eftir að grjótið var fallið leit ég vandlega upp í hlíðina, leitaði að merkjum eftir grjóthrunið og athugaði hvort einhver merki væru sjáanleg um laust grjót á ferð eða skriður. Svo var ekki. Að því búnu ók ég fram úr kyrrstæðum bílum og framhá skemmdum og einu bjargi á veginum og öðru sýnu stærra í vegkantinum sjávarmegin. Þá var eins og

álögum væri létt af öðrum öikumönnum og fylgdu þeir mér út í Ósvör (Bréf Ólafs Helga Kjartanssonar, Sýslumanns á Ísafirði 11.09.).

Heim: Ríkisútvarpið 27.08. fréttir kl. 18. 22. Ríkisútvarpið, sjónvarp 27.08. fréttir kl. 19. Stöð 2. 27.08. fréttir kl. 18:55. DV 28.08. Mbl. 29.08. 30.08. 09.09. Bæjarins Besta 30.08. 06.09. Bréf Ólafs Helga Kjartanssonar, Sýslumanns á Ísafirði 11.09.

11. sept. SNÆFELLSNES, DALIR, ARNARFJÖRÐUR

Skriður.

Veður: Mikla úrkomu gerði á vestanverðu landinu eftir tiltölulega þurrt sumar. Miklir vatnavextir urðu og rennsli lækja og áa margfaldaðist á augabragði. Sem dæmi um úrkomuna þá mældust 61 mm á Hólum í Dýrafirði frá kl. 09 að morgni 11.09. til kl. 18 sama dags. Sólhringsúrkomun mun hafa verið um 162 mm á sama stað.

Atburðarás: Þrátt fyrir þessa miklu úrkomu urðu furðulega lítil skriðuföll, aðeins smáspýjur á stöku stað. Á Snæfellsnesi varð smá grjóthrun á Narfeyrarhlíð í Álftafirði og þar hrundu 2 steinar á veginn ofan við bæinn (Narfeyri). Í Dölum, féll smáspýja á Skarðsströnd og ekki var talið ólíklegt að einhverjar hreyfingar hefðu orðið í Gilsfirði. Þá féllu smáskriður í Dynjandisvogur í botni Arnarfjarðar og þar féll smáspýja niður á veg og stíflaði ræsi.

Heim: Mbl. 14.09. Vegagerðin á Ólafsvík, Búðardal, Patreksfirði og Ísafirði. Gögn Náttúrufræðistofnunar.

24. sept. KÓPAVOGUR

Grjóthrun af mannavöldum.

Veður:

Atburðarás: ...Níu ára drengur var hætt kominn um sexleytið á sunnudaginn (24.09.) er bjarg féll ofan á hann þar sem hann var að hjóla í nýbyggingahverfi í Kópavogi. Hann hjólaði fram hjá steininum og lenti á honum með þeim afleiðingum að steinninn fór að renna niður brekku. Barnið og hjólið runnu niður þriggja metra brún og steinninn á eftir þeim. Steinninn lenti svo ofan á drengnum svo að hann varð fastur undir honum.


Heim: Vísir.is 26.09.

Ath: Vafamál hvort þetta á að vera með eða ekki, en látið fljóta með.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Akrafjall	2000 27.-29. mars
Álftafjörður/Ísafjd.	2000 28. júlí
Álftafjörður/Snæfellns.	2000 11. sept.
Ásahreppur/Rangárvs.	2000 17. júní
Búlandshöfði	2000 27.-29. mars
Búrfell/Grímsnes	2000 21. júní
Dalsmynni/Eyjafj.	2000 9. ág.
Dynjandisvogur/Arnarfj.	2000 11. sept.
Eyjafjöll	2000 17. júní
Gilsfjörður	2000 27.-29. mars
Gilsfjörður	2000 11. sept.
Hengill	2000 24. júní
Hestfjall	2000 21. júní
Holt	2000 17. júní
Hreðavatn	2000 27.-29. mars
Hvítárgljúfur/Árness.	2000 17. júní
Ingólfsfjall	2000 21. júní
Kaldbakshorn/Strandir	2000 6. maí
Kambanesskriður	2000 25. mars
Keilir	2000 17. júní
Kópavogur	2000 24. sept.
Krísuvík	2000 17. júní
Miðfell/Hrunamannahr.	2000 17. júní
Miðfells múli/Hvalfjstr.	2000 27.-29. mars
Miðfjörður	2000 27.-29. mars
Mosfell/Grímsnes	2000 21. júní
Mýrdalur	2000 18.-19. jan.
Njarðvíkurskriður	2000 16. ág.
Norðurárdalur/Borgfj.	2000 27.-29. mars
Óshlíð	2000 27.-29. mars
Óshlíð	2000 7. maí
Óshlíð	2000 27. ág.
Selvogur	2000 17. júní
Skarðsfjall/Gnúpvhr.	2000 17. júní
Skarðsheiði	2000 17. júní
Skarðsströnd/Dalir	2000 11. sept.
Staðarskriður/Fáskúðsfj.	2000 22. mars
Staðarsveit/Snæfellns.	2000 27.-29. mars
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	2000 14.-16. jan.
Svalvogur/Arnarfj.	2000 27.-29. mars
Svartárdalur	2000 27.-29. mars
Sveifluháls	2000 17. júní
Urriðafoss/Árness.	2000 21. júní
Vaðlaheiði/Eyjafj.	2000 27.-29. mars
Vatnsdalur	2000 18. júlí
Vattarnesskriður	2000 25. mars

Veiðileysukleif	2000 6. maí
Vestmannaeyjar	2000 17. júní
Vestmannaeyjar	2000 21. júní
Vestmannaeyjar	2000 22. júní
Vestmannaeyjar	2000 24. júní
Vestmannaeyjar	2000 25. ág.
Vörðufell/Skeið	2000 17. júní
Þingvellir	2000 21. júní
Þjórsárdalur	2000 20.-23. júlí
Þórsmörk	2000 17. júní
Þrengsli	2000 17. júní
Þvottárskriður	2000 27.-29. mars
Öxnadalur	2000 27.-29. mars



Mynd 1: Dreifing skriðufalla á Íslandi árið 2000.

